

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. ágúst 2013
Tilvísun: UST20130600040/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 - 2018 á svæði fyrir akstursíþróttir og skotsvæði á Glerárdal.

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018 á svæði fyrir akstursíþróttir og skotsvæði á Glerárdal.

Svæðið afmarkast af verndarsvæði Glerár til suðurs, fjallskilagirðingu til vesturs, Hlíðarfjallsvegi til norðurs og háspennulínum til austurs. Breytingin felur í sér að opið svæði til sérstakra nota stækkar að fjallskilagirðingunni til vesturs og að Hlíðarfjallsvegi til norðurs. Í yfirliti lýsingar kemur fram að tilefni breytingartillögunnar er beiðni Blaklúbbs Akureyrar um stækkun lóðar félagsins svo möguleiki verði á að lengja spyrnubraut. Einnig sækir KKA – Akstursíþróttafélag um lóðastækkun vegna endurobrauta. Skotfélagið sækir um stækkun lóðar svo hægt verði að taka á kröfum um öryggissvæði innan lóðar.

Stækkun aksturs- og skotsvæðis

EKKI kemur fram í lýsingu yfir hve stórt svæði stækkunin muni ná. Fram kemur hins vegar að meginmarkmið skipulagsnefndar fyrir stækkun akstursíþróttu – og skotsvæðisins er að tryggja að þau félög og sú starfsemi geti þróast í takt við þær kröfur sem gerðar eru til bíla- bifhjóla- og skotíþróttu. Umhverfisstofnun bendir á að á svipuðum slóðum og skotíþróttu- og akstursíþróttasvæðið er staðsett, er margs konar starfsemi bæjarbúa, má þar nefna hestaíþróttir, útvist og ferðamennsku. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið sé fullt tillit til annarrar starfsemi sérstaklega hvað varðar neikvæð áhrif á hljóðvist. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að fram komi í deiliskipulagstillögu hvernig brugðist verður við hljóðmengun frá aksturs- og skotíþróttum.


Gróður

Í áhrifamati kemur fram að áhrif á gróðurfar verði neikvæð. Einnig kemur fram að framkvæmdir á skipulagssvæðinu muni m.a. fela í sér víðtæka uppgræðslu lands með grasi og trjágróðri. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að huga að gróðursetningu og sáningu staðargróðurs vegna nálægðar við Glerárgljúfur sem er á náttúrumínjskrá.

Niðurstaða

Fram er komin lýsing að tillögu um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 - 2018. Breytingin felur í sér stækkan á akstursíþróttasvæði og skotæfingasvæði upp með Glerá. Á sömu slóðum fer fram margs konar frístundastarfsemi sjá ofangreint. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að tekið sé fullt tillit til annarrar frístundastarfsemi með því að koma í veg fyrir hávaðamengun frá akstri og skotæfingum, og að komið sé í veg fyrir að akstur tækja fari fram utan þeirra svæða sem helguð eru starfseminni. Einnig bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að staðargrður verði notaður við uppræðslu á svæðinu. Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun